

Umbótaáætlun – Ytra mat – Menntamálastofnun

2020 – 2021

Í skýrslunni ytra mats Menntamálastofnunar koma fram margir styrkleikar í skólastarfinu og einnig eru þar tillögur til úrbóta. Í umbótaáætlun Álftanesskóla koma fram þeir þættir sem bent var á í skýrslunni sem tækifæri til umbóta. Niðurstöður matsins voru jákvæðar fyrir skólann en ljóst er að umbóta er þörf sérstaklega er varðar kennsluaðferðir og þá í skýrslugerð og þátttöku allra hagsmunaaðila í innra mati.

Stjórnun og fagleg forysta							
Umbótaþættir Ytra mats	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær	Endurmat hvernig
Gæta þess við endurskoðun skólanámskrár, m.a. skólaeign og stefnu skólans að allir hagsmunaaðilar komi þar að verki.	Að fá alla hagsmunaaðila að endurskoðun á skólaeign og gildum skólans.	Hver bekkur setur sér bekkjarreglur og útbýr bekkjarsáttmála á hverju hausti. Á haustfundum eru reglur skólans kynntar nemendum og foreldrum og þá megináherslur skólans í Uppeldi til ábyrgðar, oftast ef þörf krefur. Núgildandi skólaeign eru á heimasíðu skólans og í skólanámskrá. Á starfsmannafundum og á stigsfundum haustönn 2020 fer fram endurmat á reglum og gildum skólans og á að vera lokið á vorönn 2021. Reglurnar og gildi skólans hafa og verða ræddar og endurskoðaðar af kennurum, starfsmönnum, nemendaráði og á skólaþingi nemenda á haustönn, tillögur lagðar fyrir foreldrafélag skólans og kynntar foreldrum í Fréttabréfi skólans.	Ágúst 2020	Júní 2021	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri Deildarstjórar Verkefnastjórar	Endurmat vor 2021 og síðan á hverju vori.	Viðhorf allra endurspeglast í reglum og gildum skólans.
Hafa reglulega starfsmannafundi yfir allt skólaárið og birta fundaráætlun að hausti.	Að gera fundaráætlun fyrir haust- og vorönn fyrir starfsmenn og kennara.	Reglulegri fundir eru á skólaárinu en fundaráætlun fyrir skólaárið hefur verið birt starfsmönnum.	Okt. 2020	Okt. 2020	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri	Á hverju hausti	Fundaráætlun starfsmanna birt.
Leita eftir sýn og hugmyndum foreldra á fjölbreyttan hátt.	Að fjalla reglulega um áherslur	Skólaráð fjallar um áherslur í skólanámskrá sem og í innra mati.	Nóv. 2020	Júní 2021	Skólastjóri	Á hverju hausti	Að hugmyndir foreldra



Alftanesskóli

	skólans á fundum með foreldrum.	Á fundum með foreldrum verður kallað sérstaklega eftir áherslum foreldra í skólanámskrá.					endurspeglast í skólastarfinu.
Fjölga kennslustundum í vali á unglingastigi	Að nemendur hafi áhrif á námsval sitt.	Hlutfall tíma í vali verður skoðað í tengslum við stundatöflugerð og leitað leiða til að bæta við tímamagni.	Nóv. 2020	Júní 2021	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri	Á hverju hausti	Stundatöflur nemenda.
Kynna enn betur stoðþjónustu skólans fyrir öllum hagsmunaaðilum.	Að allir hagsmunaaðilar séu upplýstir um stoðþjónustu skólans.	Endurskoðað og bætt við upplýsingum á heimasíðu skólans og upplýsingar veittar í námsviðtölum.	Nóv. 2020	Júní 2021	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri Deildarstjóri stoðþjónustu	Á hverju hausti	Upplýsingar á heimasíðu.
Skólaráð setji sér vinnuáætlun og fundi reglulega.	Að ráðið ákveði megináherslur hvers árs og fundi reglulega.	Á fyrsta fundi skólaráðs verður þetta rætt og fengnar tillögur að vinnu- og fundaráætlun.	Nóv. 2020	Des. 2020	Skólastjóri	Á hverju hausti	Fundargerðir Vinnu- og fundaráætlun fyrir hverja önn.
Skólaráð haldi árlega opinn fund um skólamál með öllum hagsmunaaðilum. Virkja foreldra enn frekar til þátttöku í stefnumörkun skólans.	Að aðilar úr skólasamfélaginu komi að stefnumótun og mikilvægum ákvörðunum um skólastarf.	Á fyrsta fundi skólaráðs verður þetta rætt og fengnar tillögur að leiðum til úrbóta. Einnig verður þetta lagt fyrir kennarar á kennarafundi og foreldrafélag skólans.	Nóv. 2020	Júní 2021	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri	Árlega í júní	Opin fundur að vori 2021. Fundargerðir.
Kynna enn betur fyrir nemendum hvar þeir eiga fulltrúa í ráðum og nefndum.	Að nemendur séu upplýstir um hvaða ráð og nefndir eru starfandi innan skólans.	Í umsjónar- og lífsleiknitímum verður þetta kynnt fyrir nemendum.	Nóv. 2020	Nóv. 2020	Deildarstjóri stiga	Á hverju hausti	Náms- og kennsluáætlun í samfélags-fræði (lífsleikni). Ársskýrsla.
Setja á heimasíðu hvaða þróunarverkefni eru í gangi á þessu	Að birta helstu þróunarverkefni í byrjun hvers skólaárs á	Skýrslur fyrir þróunarverkefni hafa verið birtar að vori. Á heimasíðu skólans eru þau verkefni sem hafa	Okt. 2020	Okt. 2020	Skólastjóri Skrifstofustjóri	Á hverju hausti	Birt á heimasíðu skólans..

skólaári og hverjir leiða þau.	heimasíðu skólans.	fengið styrk, markmið þeirra og umsjónaraðilar.					
Nám og kennsla							
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær	Endurmat hvernig
Náms- og kennsluáætlun - Gera grein fyrir hvernig námsaðlögun er háttað í náms- og kennsluáætlun. - Gera grein fyrir í náms- og kennsluáætlunum hvernig unnið er með stefnu skólans. - Kynna enn betur fyrir nemendum heildarmarkmið námsgreina.	Að allir þættir skólastarfsins birtist í náms- og kennsluáætlunum.	Náms- og kennsluáætlanir hafa þegar verið birtar og eru endurmetnar í janúar ár hvert. Þá munu kennarar jafnframt vinna að því að uppfæra lýsingu á því hvernig námsaðlögun er háttað í viðkomandi námsgrein og setja fram þau verkefni sem tengjast megináherslum skólans.	Nóv. 2020	Jan. 2021	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri Deildarstjórar	Á hverju hausti	Náms- og kennsluáætlun. Ársskýrsla.
		Kennarar fara yfir heildarviðmið með nemendum, sýna þeim hvernig þau birtast í mentor, google classroom og/eða á verkefnum nemenda.	Ágúst 2020	Júní 2021	Deildarstjórar Kennarar	Á skólaárinu.	Náms- og kennsluáætlun. Verkefni nemenda.
Kennsluhættir: - Auka enn frekar fjölbreytni kennsluhátta. - Auka umræður og skoðanaskipti í kennslustundum. - Efla samstarf og samvinnu nemenda í námi. - Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum	Að auka fjölbreytni, efla samvinnu og samræður nemenda í námi.	Verður rætt í kennarahópnum, fengin utanaðkomandi fræðsla og rýnt í kennsluhætti í öllum bekkjum og námsgreinum í rýni stjórnenda og jafningjamati.	Nóv. 2020	Júní 2021	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri Kennarar	Rýni kennara og stjórnenda árlega.	Náms- og kennsluáætlun. Ársskýrsla. Fundargerðir stigs- og kennarafunda. Fræðslufundur.
	Að nemendur viti að hverju er stefnt og að setja sér markmið í námi.	Víkuleg markmið nemenda eru birt á námsvegg í mörgum kennslustofum en lögð verður áhersla á að þau verði birt á námsvegg í öllum	Ágúst 2017	Júní 2022			Áherslur skólans í leiðsagnarmati (leiðsagnarnám)



Álfstanesskóli

einstakra kennslustunda. - Kenna nemendum markvisst að setja sér markmið. - Gera áhugasvið nemenda sýnilegri í verkum þeirra.	Að gera nemendum ljós helstu markmið í námi og hafa þau sýnileg.	kennslustofum. Farið reglulega yfir markmið einstakra kennslustunda.					
Hafa nemendur með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa þegar við á.	Að hafa nemendur með í ráðum við gerð einstaklings-áætlana.	Taka upp regluleg viðtöl við þá nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá.	Nóv. 2020	Júní 2021	Deildarstjóri stoðþjónustu Sérkennarar	Á hverju vori	Einstaklings-áætlun.
Sjá til þess að ákvarðanir ráða og nefnda sem nemendur sitja í séu öllum nemendum aðgengilegar.	Að birta ákvarðanir á heimasíðu og upplýsa nemendur.	Birta á heimasíðu og kynna fyrir nemendum í umsjónar- og lífsleiknitímum	Nóv. 2020	Júní 2021	Deildarstjóri stiga Kennarar	Á hverju vori	Heimasíða. Ársskýrsla.
Hvetja til reglulegra bekkjarfunda í öllum árgöngum til að auka nemendalýðræði og þjálfar nemendur markvisst í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	Að auka lýðræði meðal nemenda innan skólans.	Að í öllum árgöngum séu reglulega bekkjarfundir t.d. í lífs- og/eða umsjónartímum.	Nóv. 2020	Júní 2021	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri Deildarstjóri stiga Verkefnastjórar	Á hverju vori.	Skólaþing. Bekkjarfundir.
Efla upplýsingagjöf til foreldra um námsárangur og námsáætlanir.	Að huga enn frekari upplýsingagjöf til foreldra um stöðu nemenda í námi gegnum mentor og námsmóppur.	Náms- og kennsluáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans og í mentor. Reglulega eru matsniðurstöður skráðar á hæfnikort nemenda í mentor þ.e. 4x formlega á hverju skólaári. Birta á vikulegar áætlanir nemenda í mentor og senda matsniðurstöður heim með nemendum t.d. í námsmóppu, birta á	Ágúst 2020	Júní 2021	Skólastjórnendur Kennarar	Á hverju hausti.	Mentor. Námsviðtöl. Hæfnikort í mentor. Könnun meðal kennara.



Álfatannaskóli

		Google classroom og/eða senda í tölvupósti. Skoða notkun kennara á mentor og hvaða upplýsingar þeir setja þar inn.					
Leita leiða til að bæta enn frekar líðan nemenda í skólanum.	Að halda utan um niðurstöður kannana um líðan nemenda og árangur.	Opna möguleika fyrir nemendur að koma á framfæri skilaboðum til kennara og stjórnenda um nám sitt og líðan. Þjálfa nemendur í að tjá sig um líðan og nám í umsjónar- og lífsleiknitímum. Kennarar taki einstaklingsviðtöl við nemendur tvisvar á önn. Skólapúlsinn.	Ágúst 2020	Júní 2021	Stjórnendur Kennarar	Á hverju skólaári.	Skólapúlsinn. Samræmd próf.
Innra mat							
Umbótapættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær	Endurmat hvernig
Skipa matsteymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila sem hefur umsjón með innra mati, velur leiðir og matsþætti, ákveður framkvæmd og ræðir umbætur.	Að allir eigi sinn fulltrúa í matsteymi.	Fá sjónarmið og þátttöku allra hagsmunaaðila í umræður, skipulag og framkvæmd innra mats.	Ágúst 2020	Júní 2021	Skólastjóri	Árlega	Birt á heimasíðu skólans. Fundargerðir.
Gera langtímaáætlun í innra mati (3-5 ár).		Áætlun fyrir innra mat var til eins árs en lokið hefur verið við sjálfsmats-áætlun til fjögurra ára og hún birt.	Nóv. 2020	Nóv.2020	Skólastjóri	Árlega	Birt á heimasíðu skólans. Árlega endurmat og lagfærð ef þarf.
Ljúka skýrslu um innra mat áður en nýtt skólaár hefst.	Að fylgja umbótum úr innra mati eftir á kerfisbundinn hátt.	Vinna við gerð áfangaskýrslu er lokið þar sem gerð er grein fyrir tengslum innra mats við stefnu skólans. Sjálfsmatsskýrsla til tveggja ára er birt formlega annað hvert ár. Skólapúlsinn, niðurstöður allra	Maí 2020	Nóv. 2020	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri Matsteymi	Á hverju hausti	Heimasíða. Áfangaskýrsla og/eða sjálfsmats-skýrsla birt .



Álfstanesskóli

		hagsmunaaðila (starfsmanna, foreldra og nemenda birtast í sjálfsmatsskýrslu. Könnun er lögð árlega fyrir nemendur en annað hvert ár fyrir starfsmenn og foreldra.					
Kynna niðurstöður innra mats formlega fyrir öllum hlutaðeigandi.	Að birta niðurstöður á heimasíðu og fréttabréfi skólans.	Fundur í upphafi skólaárs þar sem kynntar eru niðurstöður innra mats. Skýrsla birt á heimasíðu skólans. Áfangaskýrslu fyrir skólaárið 2019-2020 lokið og er á heimasíðu skólans.	Nóv. 2020	Nóv. 2020	Skólastjóri Matsteymi	Á hverju hausti.	Birt á heimasíðu skólans. Fréttabréf Áfanga- og/eða sjálfsmats-skýrsla.
Samræður um þróun og umbætur fari fram meðal allra hagsmunaaðila.	Að fá fram viðhorf allra hagsmuna-aðila.	Fá sjónarmið og þátttöku allra hagsmunaaðila í samæður, skipulag og framkvæmd innra mats.	Maí 2020	Júní 2021	Skólastjóri Matsteymi	Árlega og/eða annað hvort ár.	Áfanga- og/eða sjálfsmats-skýrsla.
Gera umbótaáætlun þar sem fram koma markmið, leiðir, þátttakendur, ábyrgðaraðilar tímasetningar og hvernig og hvenær á að meta umbætur.	Að fylgja mati á skólastarfinu eftir á kerfisbundinn hátt.	Lokið er við að endurmeta og sameina núverandi umbóta- og matsáætlun.	Nóv. 2020	Nóv. 2020	Skólastjórnendur Matsteymi	Á hverju hausti	Á hverju vori fer fram greining á umbótaáætlun og útbúin ný umbóta- og matsáætlun fyrir næsta skólaár.
Leita enn frekar formlegra og óformlegra leiða til að fá hugmyndir og tillögur foreldra varðandi skólastarfið og stefnu skólans.	Að fá fulltrúa allra hagsmunaaðila skólans, starfsfólk nemendur, og foreldra í teymi um innra mat.	Fá sjónarmið og þátttöku allra hagsmunaaðila í umræður, skipulag og framkvæmd innra mats.	Nóv. 2020	Júní 2021	Skólastjóri Matsteymi	Á hverju hausti	Áfanga- og/eða sjálfsmats-skýrsla.